

# SUNNUHVOLL FESTIVAL 2023



FIM / THU / 20.07

20:00 / AMY CIMINI (S)

-

21:00 / ANA LUISA DE COSSIO,  
CAMERON ANDERTON,  
ÁSA ÓLAFSDÓTTIR (S)

-

22:00 / YVETTE JACKSON,  
BERGLIND M.TÓMASDÓTTIR,  
AMY CIMINI (S)

FÖS / FRI / 21.07

17:00 / TIFFANY NG (L)

-

20:00 / HARP & ARP: KATIE  
BUCKLEY, JESPER PEDERSEN (S)

-

21:00 / IN^SET TRIO: DAVID  
AGUILA, TERESA DÍAZ DE COSSIO,  
ILANA WANIUK (S)

Enginn aðgangseyrir er á móti frjálsum framlögum.



[sunnuhvoll.org](http://sunnuhvoll.org)

29.tbl.  
19. júlí. 2023  
30 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Þingeyjarsveit

## Nýtt byggðamerki Þingeyjarsveitar

Merki Þingeyjarsveitar er myndtákn af Herðubreið sem er það kennileiti sem trónir hæst í sveitarfélaginu en tindur fjallsins er í 1680 metrum yfir sjó. Herðubreið þykir einstaklega formfagurt fjall og er á stundum kölluð „Drottning íslenskra fjalla“. Herðubreið var valin Þjóðarfjall Íslendinga árið 2002. Auðkenninu er ætlað að standa, stutt af letuðu nafni sveitarfélagsins. Þannig skal setja það í forgang, næst á eftir kemur tákníð eitt og sér, án leturs. Leitast skal við að nota merkið á hvítum grunni eða svo ljósum að sjáist skýrt á fletinum. Það á bæði við um skjöldinn með og án leturs.

Litir byggðamerkis Þingeyjarsveitar eru tveir bláir litir, ljósari blár til að tákna himinn og dekkri blár rammar merkið inn og? myndar útlínur fjallsins.

Útfærslur merkisins

Byggðamerki Þingeyjarsveitar er sett fram í þremur megin útfærslum. Þær eru skjöldurinn óstuddur letuðu heiti sveitarfélagsins, skjöldur með letuðu heiti í lóðréttri útfærslu og skjöldur með letuðu heiti í láréttri útfærslu.

Að auki þessum útfærslum merkisins er það viðurkennt hvítt á lituðum grunni og svart þar sem það á við.

Hægt er að nálgast merkið og leiðbeiningar um notkun þess í

hönnunarstaðli á heimasíðu Þingeyjarsveitar [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is)

## Aðalfundur Skútustaðasóknar

verður í Skútustaðakirkju á  
fimmtudaginn 20.07 klukkan 20:00.

Dagskrá: Hefðbundin aðalfundarstörf og umræða um  
sameiningu prestakallanna.

Sóknarnefndin

## Útiguðsþjónusta í Þönglabakka 30. júlí

Verið hjartanlega velkomin með okkur

sr. Hafdísí Davíðsdóttur og

sr. Þorgrími Danielssyni

til útiguðsþjónustu í Þönglabakka í Fjörðum sunnudaginn 30. Júlí.



Lagt verður af stað akandi frá Grenivíkirkirkju kl. 11 eftir Jeppaveginum út í Hvalvatnsfjörð  
út á Hnausavöll og þaðan verður svo gengið yfir háls yfir í Þorgeirsfjörð.  
Þetta er um 4 km ganga sem tekur u.þ.b. 1 - 1,5 klst.

Gott er að vera í góðum skóm og hafa með sér vatn og nesti sem hægt er að gæða sér á  
þegar komið er á áfangastað.

Við hlökkum til að sjá ykkur 😊

**ATH! Hlaupastelpan verður í sumarfríi  
3 vikur í ágúst  
frá 1.-18. ágúst.**



### Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,  
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

## Starf við þrif.

Óska eftir starfskrafti frá 20 ágúst til 1. des.

Mögulega gæti þó verið um framtíðarstarf að ræða.  
Vinnutími frá kl 9 til 3, en gæti verið sveigjanlegur.

Nánari upplýsingar gefur Friðgeir í síma 8976553.